

## 185. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 11. mars 2004 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Rúnar Gíslason, forseti bæjarstjórnar, RG  
Dagný Þórisdóttir, DÞ  
Eypór Benediktsson, EB  
Elísabet L. Björgvinsdóttir, ELB  
Hilmar Hallvarðsson, HH  
Davíð Sveinsson, DS  
Guðmundur Kristinsson, GK  
Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri ÓJG  
Þór Örn Jónsson, bæjarritari.

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

### 1. Fundargerðir bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 370, dags. 4.3.2004.

**Fundargerðin er í 17 tölusettum liðum.**

**Liður 5 er varðar fjölgun í Staðardagskrárnefnd 21, þessi liður er samþykktur samhljóða.**

**Liður 6 er varðar uppsagnarbréf Tómasar Enoks Thomsen. Bæjarstjórn vill þakka Tómasi Enoki fyrir vel unnin störf og óskar honum velfarnaðar í framtíðinni.**

**Liður 10 bréf er varðar aukið land fyrir kirkjugarð Stykkishólms, samþykkt samhljóða að vísa þessu máli til skipulags-og byggingarnefndar.**

**Liður 12 er varðar leigu Sjávarbergs ehf. á Gömlu slökkvistöðunni til 1. ágúst 2004. Samþykkt samhljóða. Til máls tóku: HH og DS.**

**Liður 14 er varðar styrkveitingu til Körfuknattleiksráðs meistaraflokks Umf. Snæfells. Samþykkt samhljóða.**

**Liður 17 er varðar endurskoðun á umferðahraða í Stykkishólmi.**

**Tillaga er um að umferðarhraði á Aðalgötu verði 50 km á klst. frá Nýræktarvegi að Borgarbraut. Samþykkt samhljóða.**

**Til máls tóku: HH, RG, DS, DÞ, ELB, EB, GK og ÓJG.**

**Afgreiðsla bæjarráðs staðfest samhljóða. Til máls tóku: HH, ÓJG, RG, DS, DÞ, GK.**

### 2. Fundargerðir nefnda.

2.1. Fundargerð atvinnumálanefndar, dags. 9.2.2004.

**Fundargerðin lögð fram.**

**Fundargerð afgreidd samhljóða.**

2.2. Fundargerð forvarnarhóps, dags. 1.3.2004.

**Fundargerð lögð fram.**

**Fundargerð afgreidd samhljóða.**

2.3. Fundargerð skólanefndar tónlistarskóla, dags. 25.2.2004.

**Fundargerð lögð fram.**

**Fundargerð afgreidd samhljóða. Til máls tók: ELB**

**3. 3 ára áætlun áráanna 2005-2007 fyrir Stykkishólmsbæ og undirfyrirtæki.**

**Bæjarstjóri gerði grein fyrir áætlun,  
3 ára áætlun áráanna 2005-2007 fyrir Stykkishólmsbæ og undirfyrirtæki  
samþykkt samhljóða. Til máls tóku: ÓJG, DS, HH, GK, EB, RG, DP**

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:20

Þór Örn Jónsson, bæjarritari.